

FW: Frá Þjóðleikhúsinu

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : FW: Frá Þjóðleikhúsinu
Málsnúmer : 2016060097
Málsaðili : Þjóðleikhúsið
Skráð dags : 01.03.2017 12:39:48
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

Með bréfi þessu vil ég fyrir hönd Þjóðleikhússins þakka samstarfið um leiksýninguna Lofthrædda örninn Örvar, sem sýnd var s.l. haust. Við þökkum fyrir móttökurnar og hjálpina við skipulagningu á þessu ævintýri, sem vonandi hefur verið okkur öllum til sóma og gleði.

Ég mun í starfi mínu sem þjóðleikhússtjóri huga sérstaklega að leikhúsuppeldi barna og unglunga með því að setja árlega upp metnaðarfullar leiksýningar fyrir þennan hóp. Þannig verði aðgangur barna og unglunga að leiklist aukinn með því að fjölga þeim stöðum á landsbyggðinni sem heimsóttir verða í leikferðum með sýningar sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir börn. Að þessu sinni heimsóttum við yfir 20 staði um allt land og sýndum fyrir 3.150 áhorfendur.

Það er mikilvægt að allir landsmenn njóti menningar og lista. Aðgengi að menningu eykur víðsýni og umburðarlyndi og þátttaka í menningarstarfi eykur vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Menningarstarf um allt land hvetur til félagslegra samskipta og dregur úr hættu á menningarlegri einangrun einstaklinga og hópa.

Þess vegna mun Þjóðleikhúsið halda þessu góða starfi áfram næsta haust og þá koma með sýningu sem sérstaklega er ætluð krökkum á aldrinum 8-11 ára. Ég vona að þá getum við átt jafn gott samstarf og s.l. haust og styrkt þannig tengsl Þjóðleikhússins við landsmenn alla.

Ég minni í leiðinni á annað verkefni fyrir ungt fólk sem Þjóðleikhúsið stendur að: Þjóðleikur er leiklistarverkefni haldið að frumkvæði Þjóðleikhússins í samstarfi við fjölmarga aðila á landsbyggðinni. Leikhópum ungs fólks á aldrinum 13-20 ára er boðið að setja upp eitt af þremur nýjum leikverkum sem skrifuð eru sérstaklega fyrir Þjóðleik í hvert sinn. Við uppsetninguna njóta ungmennin stuðnings fagaðila í Þjóðleikhúsinu í formi námskeiða, bæði í Þjóðleikhúsinu og í heimabyggð, og lýkur verkefninu með leiklistarhátíð í viðkomandi landshluta nú í vor.

Ari Matthíasson

Þjóðleikhússtjóri / Director

Þjóðleikhúsið / National Theatre

Hverfisgata 19, 101 Reykjavík, Iceland

ari@leikhusid.is www.leikhusid.is

tel: + 354 5851200 / mobil: + 354 8247624



Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.
The information transmitted, and attachments, may contain confidential or privileged material and is intended for the addressee only.